

Jafnréttisáætlun Rofaborgar.

Jafnréttisáætlun Leikskóans Rofaborgar er unnin í samræmi við ákvæði laga um stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Stefna skólans er að gæta fyllsta jafnréttis milli kynja og að hver einstaklingur skal metinn að eigin verðleikum. Kynbundin mismunun er ekki leyfð og ekki skal mismuna fólki eftir menningu, þjóðerni, aldri eða kynhneigð. Kynbundin mismunun er óheimil og ef slíkt kemur upp skal bregðast við því. Starfsfólk skal hafa jafnan rétt til endur- símenntunar. Tryggja skal að mannauður í leikskólanum nýtist sem best hverju sinni.

Í samskiptum starfsfólks, nemenda og foreldra skulu ákvæði jafnréttislaganna höfð að leiðarljósi í starfi leikskólans.

Kynna ber jafnréttisáætlun fyrir nýju starfsfólki.

Nemendur.

- Bera skal virðingu fyrir skoðunum og lífsgildi hvers barns.
- Gæta skal jafnréttis í öllu starfi leikskólans
- Fjölbreyttir kennsluhættir.
- Leikefni og viðfangsefni skal höfða til beggja kynja.
- Markvisst skal unnið gegn stöðluðum kynímyndunum stúlkna og drengja.

Markmið.

- Að nemendum líði vel.
- Að gæta jafnréttis óháð kyni.

Leiðir.

- Fara yfir lesefni og athuga það út frá staðalmyndum kynjanna.
- Kennslu og námsgögn séu fjölbreytt og höfði til allra barna.
- Kanna líðan og sjálfsmynd barnanna.

Kennsluhættir.

Kennarar skulu gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum efla sjálftraust þeirra og hæfileika þannig að þau geti lifað ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi. Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál þar sem lögð er áhersla á að búa bæði kynin undir þátttöku í samfélaginu. Efla virðingu fyrir jafnrétti, mannréttindum, náttúrulegu umhverfi og menningarlegri arfleidd þeirra .

Foreldrar.

- Mæður og feður eru jafngild í foreldrasamstarfi.
- Beina skal samskiptum í sama mæli til feðra og mæðra ef um sameiginlegt forræði er að ræða hvort sem foreldrar eru í sambúð eða ekki.

Markmið.

- Að feður og mæður hafi jafnan aðgang að foreldrasamstarfi
- Að gæta jafnréttis gagnvart feðrum og mæðrum

Leiðir.

- Foreldrasamvinna.
- Foreldrafélag.
- Foreldraviðtöl.
- Kynning á jafnréttisáætlun: á foreldrafundum, heimasíðu, fréttabréfi, og fyrir nýju starfsfólki.

Kynferðisleg áreitni.

Kynferðisleg áreitni og einelti líðst ekki í Leikskólanum Rofaborg og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna. Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemi til leikskólastjóra, viðkomandi deildarstjóra eða trúnaðarmanni. Sé yfirmanni eða trúnaðarmanni gert viðvart um slíka hegðun ber viðkomandi í samráði við yfirmann að binda enda á hana.

Ósæmileg og óviðeigandi hegðun gagnvart börnum er bönnuð. Samskipti og samvera við börn skal ætíð vera af væntumþykju, einlægni, sanngirni og á styðjandi hátt.

„Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.“ (sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/200, 17 gr).

Einelti.

Einelti er samskiptavandi, síendurtekið andlegt og líkamlegt ofbeldi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Gerandi getur verið hópur eða einstaklingur og átta viðkomandi sig ekki á því að um einelti sé að ræða. Í öðrum tilvikum getu verið um ásetning að ræða og jafnvel að gerandanum líði sjálfum illa.

Einelti getur líka verið að finna í vinnulagi skólans. Einelti gerir lífið á vinnustaðnum óþolanlegt eða illbærilegt fyrir viðkomandi starfsmann og dregur úr starfsorku hans. Það hefur líka slæm áhrif á starfsandann á vinnustaðnum.

Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna framkomuna til leikskólastjóra, deildarstjóra eða trúnaðarmanns og munu

Þessir aðilar aðstoða starfsmann við að leita réttar síns og finna lausn málsins í samvinnu við þolenda, geranda/gerendur og ef með þarf sérfróðra aðila.

Förvörn.

Í upphafi leikskólagöngu barnsins hefst forvarnarstarf gegn einelti með góðri foreldrasamvinnu, jákvæðum og opnum samskiptum milli starfsfólks og foreldra. Innbyrðis samskipti milli barna og barna og/ fullorðinna skipar stórt hlutverk í forvarnarstarfi gegn einelti. Öll áhersla á vináttu er mikilvæg.

Leikskólinn leggur áherslu á vináttu og að byggja upp góða sjálfsmynd hjá börnunum því ef barnið hefur góða sjálfsmynd er það betur í stakk búið ef það lendir í erfiðleikum eða einelti. Starfsmenn þurfa að vera góðar fyrirmyndir bæði hvað varðar viðhorf, framkomu og viðbrögð við einelti .

Starfsmenn skulu vera vakandi fyrir samskiptum barnanna því einelti getur byrjað í litlum en duldu atvikum sem geta aukist og orðið að vandamáli sem þarf að bregðast fljótt við.

Markmið leikskólans.

- Starfsmenn þekki einelti.
- Starfsmenn geti upprætt eða unnið með einelti ef það kemur upp.
- Vinna skal eftir ákveðnu ferli við úrlausn mála.
- Vinna skal eftir eineltisáætlun leikskólans.
- Hvert mál er einstakt og skal unnið samkvæmt því.

Hver hefur umsjón með þróun, útfærslu og eftirfylgni

- Leikskólastjóri
- Aðstoðarleikskólstjóri
- Deildarstjórar

Rofaborg er vakandi fyrir fræðslu um jafnréttismál fyrir starfsmenn og börn. Fræðslan getur verið í formi fyrirlestra og verkefna.